



Fréttatilkynning
02 October 2025 08:30:00 GMT

Arion banki undirritar samning um viðskiptakt á sértryggðum skuldabréfum við Íslandsbanka, Kviku og Landsbankann

Arion banki hf. hefur undirritað samninga við Íslandsbanka, Kviku og Landsbankann um viðskiptavakt á sértryggðum skuldabréfum útgefnum af Arion banka á Nasdaq Iceland hf.

Tilgangur samninganna er að efla viðskipti með þau skuldabréf sem samningarnir taka til í því skyni að eðlilegt markaðsverð skapist á skuldabréfunum og verðmyndun verði með skilvirkum og gagnsæjum hætti.

Viðskiptavakar munu daglega setja fram kaup- og sölutilboð í skuldabréfin. Lágmarksfjárhæð að nafnvirði skuldabréfa skal vera eftirfarandi:

Stærð flokks (ma. kr.)	Lágmarkstilboð (ISK m.)
0-3	0
3-5	20
5-10	60
>10	80

Skuldabréfaflokkarnir ARION CBI 29, ARION CBI 26 og ARION CBI 48 eru undanskildir framangreindum skilyrðum. Lágmarksfjárhæð tilboða í ARION CBI 29, ARION CBI 26 verður 40 milljón kr. og skal lágmarksfjárhæð tilboða í ARION CBI 48 vera 20 milljón kr.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða fer eftir árafjölda til lokagjalddaga á hverjum tíma sbr. neðangreinda töflu.

Árafjöldi til lokagjalddaga	Hámarksmunur óverðtryggð skuldabréf	Hámarksmunur verðtryggðra skuldabréfa
0-6 mán	Ekki skilgreindur hámarksmunur	Ekki skilgreindur hámarksmunur



6 mán – 2 ár	0,20%	Ekki skilgreindur hámarksmunur
2-4 ár	0,30%	0,30%
4-6 ár	0,35%	0,35%
6-9 ár	0,60%	0,60%
9-12 ár	0,70%	0,70%
12-18 ár	1,00%	1,00%
18 ár eða lengra	1,15%	1,15%

Arion banki greiðir viðskiptavökum þóknun og mun veita viðskiptavökum aðgang að verðbréfalánum. Hámarkslán í hverjum flokki sértryggðra skuldabréfa er 320 m.kr. að nafnverði fyrir markflokka en 80 m.kr. að nafnvirði fyrir aðra flokka.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki undirritar samning um viðskiptakt á sértryggðum skuldabréfum við Íslandsbanka, Kviku og Landsbankann](#)